

Leiðbeiningar um endurskoðun

Styrkþega ber að upplýsa endurskoðanda sinn um eftirfarandi kröfur og upplýsingar varðandi reikningsskil verkefna til Norræna menningarsjóðsins.

1. Styrkir sem nema allt að 50.000 DKK þurfa ekki vottun endurskoðanda. Um alla styrki hærrí en 50.000 DKK gildir sú regla að löggildur endurskoðandi fari yfir og votti reikninga verkefnisins:

Danmörk: Registreret revisor

Finnland: HTM -tilintarkastaja (Suomen Kauppakamarin hyväksymä tilintarkastaja) / GRM- revisor (av Handelskammaren i Finland godkänd revisor)

Ísland: Löggiltur endurskoðandi

Noregur: Registrert revisor

Svíþjóð: Godkänd revisor

2. Ekki er krafist endurskoðunar á reikningum verkefna ef styrkþegi er stofnun innan vébanda Norrænu ráðherranefndarinnar. (Sjá einnig 8. grein „Ákvæða um ráðstöfun styrkja úr Norræna menningarsjóðnum“.)
3. Auk almennrar endurskoðunar þarf að staðfesta eða gera athugasemdir við eftirfarandi atriði:
 - Bókfærð styrkveiting frá Norræna menningarsjóðnum á að vera sú sama og gefin er upp í tilkynningu sjóðsins um styrkveitingu.
 - Aðra styrki ber að tilgreina í reikningum.
 - Tilgreina ber eigið framlag, þ.e. frjálst vinnuframlag, í reikningum og skal það byggt á raunhæfu mati.
 - Útskýra þarf hugsanlegan hagnað eða tap. *
 - Fylgja ber „Ákvæðum um ráðstöfun styrkja úr Norræna menningarsjóðnum“ og sérstökum skilyrðum af hálfu sjóðsins ef einhver eru og skal styrkþegi gera réttilega grein fyrir því.
4. Norræni menningarsjóðurinn og danska ríkisendurskoðunin geta farið fram á kvittanir þar til eitt ár er liðið frá reikningsskilum. Því þarf styrkþegi að varðveita öll fylgiskjöl og kvittanir í eitt ár eftir að reikningum hefur verið skilað.
5. Reikningar þurfa að bera stimpil endurskoðanda eða vera undirritaðir á bréfsefni hans.
6. Lokaskýrsla, reikningar verkefnis og skýrsla endurskoðanda eru opinber skjöl.
7. Danska ríkisendurskoðunin fer yfir reikninga Norræna menningarsjóðsins.

* Ef reikningar sýna að styrkurinn hafi ekki verið nýttur að fullu, er sjóðnum heimilt að draga afganginn frá lokagreiðslu eða krefjast endurgreiðslu á hluta af greiddum styrk. Hluttur sjóðsins í hagnaði er í samræmi við hlut sjóðsins í heildarfjármögnun verkefnisins.